

Nr. 54

7. desember 2022

AUGLÝSING um breytingu á samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO).

Hinn 4. apríl 2008 var danska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna gernings, sem gerður var í Kaupmannahöfn 9. apríl 2002, um breytingu á samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO), sem gerður var í Haag 23. júní 1993. Gerningurinn öðlaðist gildi 1. mars 2013. Í viðauka við gerninginn fylgir samsteypt útgáfa af texta samningsins með áorðnum breytingum frá 9. apríl 2002.

Gerningurinn ásamt breyttum samningi er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

GERNINGUR

**um breytingu á samningnum um að koma
á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO).**

Aðilar að samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO), (Haag, 1993),

með hliðsjón af því

að ráð Evrópuskrifstofu um þráðlaus fjarskipti samþykkti á 14. reglulega fundi sínum, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 8.-9. apríl 2002, breytingar á samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO), (Haag, 1993), í samræmi við viðeigandi ákvæði í 20. gr. fyrr-nefndum samnings,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO), (Haag, 1993), hér á eftir nefndur „samningurinn“, er breytt og í viðauka við þennan gerning fylgir útgáfa af texta samningsins, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Í samræmi við ákvæði 20. gr. samningsins mun hann öðlast gildi, með áorðnum breytingum, að því er varðar alla samningsaðila fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt samningsaðilum að henni hafi borist tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki frá öllum samningsaðilum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar samningsaðila, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan gerning um breytingu á samningnum um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta (ERO), (Haag, 1993).

GJÖRT í Kaupmannahöfn 17. desember 2002 í einu eintaki á ensku, frönsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Nr. 54

7. desember 2022

**INSTRUMENT AMENDING THE CONVENTION
FOR THE ESTABLISHMENT OF
THE EUROPEAN RADIOTRANSMISSIONS OFFICE (ERO)**

The Contracting Parties of the Convention for the Establishment of the European Radiotransmissions Office (ERO) (The Hague, 1993),

considering

that the Council of the European Radiotransmissions Office, at its 14th ordinary meeting, held at Copenhagen, 8-9 April 2002, has adopted amendments to the Convention for the Establishment of the European Radiotransmissions Office (ERO) (The Hague, 1993), in accordance with the relevant provisions of Article 20 of the said Convention,

have agreed as follows:

Article 1

The Convention for the Establishment of the European Radiotransmissions Office (ERO) (The Hague, 1993), hereinafter referred to as "the Convention", is amended and the consolidated version of the text of the Convention, as amended, is annexed to this Instrument.

Article 2

According to the provisions of Article 20 of the Convention, the Convention, as amended, will enter into force for all Contracting Parties on the first day of the third month after the Government of Denmark has notified the Contracting Parties of the receipt of notifications of ratification, acceptance or approval from all Contracting Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned representatives of the Contracting Parties, having been duly authorised thereto, have signed the present Instrument amending the Convention for the Establishment of the European Radiotransmissions Office (ERO) (The Hague, 1993).

DONE at Copenhagen this 17th of December 2002 in a single copy in the English, French and German languages, each text being equally authentic.

VIÐAUKI
Samningur um að koma á fót Evrópuskrifstofu fjarskipta (ECO)

Haag, 23. júní 1993, eins og honum var breytt í Kaupmannahöfn 9. apríl 2002

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,

hafa einsett sér að koma á fót varanlegri stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, til að aðstoða Samtök póst- og fjarskiptastjórnar í Evrópu (CEPT), hér á eftir nefnd „Samtök póst- og fjarskiptastjórnar“, í starfi þeirra við að efla tengslin á milli aðila sinna, stuðla að samvinnu þeirra á milli og leggja sitt af mörkum til að skapa framsækinn markað á sviði póstmála og rafrænna samskipta í Evrópu,

vekja athygli á því að þessi samningur er breyttur texti samningsins um að koma á fót Evrópuskrifstofu þráðlausra fjarskipta og að skrifstofunni, sem er komið á fót með þessum samningi, er ætlað að yfirtaka skyldur og störf sem Evrópuskrifstofa þráðlausra fjarskipta (ERO) og Evrópuskrifstofa fjarskipta (ETO) hafa farið með,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Evrópuskrifstofu fjarskipta komið á fót.

- 1) Evrópuskrifstofu fjarskipta (ECO) er hér með komið á fót.
- 2) Höfuðstöðvar Evrópuskrifstofu fjarskipta skulu vera í Kaupmannahöfn, Danmörku.

2. gr.

Hlutverk Evrópuskrifstofu fjarskipta.

Evrópuskrifstofa fjarskipta skal vera miðstöð fagþekkingar í póstmálum og rafrænum samskiptum og vera formennskuríki og nefndum Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar til aðstoðar og veita þeim ráðgjöf.

3. gr.

Verkefni Evrópuskrifstofu fjarskipta.

1. Helstu verkefni Evrópuskrifstofu fjarskipta eru sem hér segir:
 - 1) að vera miðstöð fyrir faglega sérþekkingu, benda á vandamál og nýja möguleika á sviði póstmála og rafrænna samskipta og veita formennskuríki og nefndum Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar ráðgjöf í samræmi við það,
 - 2) að gera langtímaáætlanir um framtíðarnýtingu takmarkaðra auðlinda sem notaðar eru í rafrænum samskiptum á evrópskum vettvangi,
 - 3) að vera í samskiptum við innlend yfirvöld, eftir því sem við á,
 - 4) að koma að reglugerðum á sviði póstmála og rafrænna samskipta,
 - 5) að efna til samráðsfunda um sérstök mál,
 - 6) að halda skrá yfir mikilvægar aðgerðir nefndar Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar og framkvæmd viðkomandi ákværðana og tilmæla Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar,
 - 7) að gefa nefndum Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar áfangaskýrslu með reglulegu millibili,
 - 8) að vera í samskiptum við Evrópusambandið og Fríverslunarsamtök Evrópu,
 - 9) að styðja formennskuríki Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar, m.a. í að halda áætlunina um stefnumótandi ákværðanir (Rolling Policy Agenda),
 - 10) að veita nefndum Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar stuðning og leggja þeim til rannsóknir, m.a. til að gera vinnuáætlanir fyrir Samtök póst- og fjarskiptastjórnar á grundvelli áætlunarinnar um stefnumótandi ákværðanir (Rolling Policy Agenda),
 - 11) að styðja vinnuhópa og verkefnisteymi Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar, einkum við að skipuleggja sérstaka samráðsfundi,
 - 12) að vera vörluaðili skjalasafns Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar og að dreifa upplýsingum frá Samtökum póst- og fjarskiptastjórnar eftir því sem við á.

2. Þegar Evrópuskrifstofa fjarskipta vinnur framangreind störf í tengslum við samráðsfundi skal hún móta og aðlaga nauðsynlegar verklagsreglur svo að evrópskar stofnanir í póst- og fjarskiptageiranum, sem eiga hagsmuna að gæta, þ.m.t. ráðuneyti, opinberir rekstraraðilar, framleiðendur, notendur og rekstraraðilar einkaneta, þjónustuveitendur, rannsóknarstofnanir og staðlastofnanir eða samtök sem eru í forsvari fyrir hópi slíkra aðila, fái viðeigandi upplýsingar reglulega í áskrift og geti setið samráðsfundi eins og sanngarnt er, með tilliti til sérstakra hagsmuna þeirra.
3. Auk þeirra starfa sem um getur í 1. mgr. skal Evrópuskrifstofa fjarskipta halda reglulega fundi, sem eru opnir stofnunum sem um getur í 2. mgr., þar sem gefst kostur á að ræða starfsemi og vinnuáætlanir nefnda Samtaka póst- og fjarskiptastjórna og Evrópuskrifstofu fjarskipta.

4. gr.

Réttarstaða og sérréttindi.

1. Evrópuskrifstofa fjarskipta skal hafa réttarstöðu persónu að lögum. Evrópuskrifstofa fjarskipta skal vera bær til þess að vinna starf sitt og gegna hlutverki sínu og getur m.a.:
 - 1) gert samninga,
 - 2) eignast, leigt, haft umráð yfir og ráðstafað lausafé og fasteignum,
 - 3) verið aðili að málarekstri,
 - og
 - 4) gert samninga við ríki eða alþjóðastofnanir.
2. Forstjóri og starfsfólk Evrópuskrifstofu fjarskipta skal njóta sérréttinda og friðhelgi í Danmörku eins og skilgreint er í samningi Evrópuskrifstofu fjarskipta og ríkisstjórnar Danmerkur um höfuðstöðvar Evrópuskrifstofu fjarskipta.
3. Önnur lönd geta veitt svipuð sérréttindi og friðhelgi til að styðja starfsemi Evrópuskrifstofu fjarskipta í þeim löndum, einkum með tilliti til friðhelgi að því er varðar málarekstur vegna orða í ræðu eða riti og allra athafna forstjóra og starfsfólks sem opinberra starfsmanna hjá skrifstofunni.

5. gr.

Stjórnunareiningar Evrópuskrifstofu fjarskipta.

Evrópuskrifstofa fjarskipta samanstendur af ráði og forstjóra sem njóta aðstoðar starfsfólks.

6. gr.

Ráðið.

1. Í ráðinu sitja fulltrúar samningsaðilanna.
2. Ráðið kýs sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa samningsaðila. Skipunartími ráðsins er þrjú ár og má endurnýja hann einu sinni. Formaður hefur umboð til að koma fram fyrir hönd ráðsins.
3. Fulltrúum formennskuríkis og nefnda Samtaka póst- og fjarskiptastjórna og fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og skrifstofu Fríverslunarsamtaka Evrópu er heimilt að sitja í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar.

7. gr.

Verkefni ráðsins.

1. Ráðið er æðsta stofnun Evrópuskrifstofu fjarskipta sem kemur að ákvarðanatöku og skal það m.a.:
 - 1) marka stefnu Evrópuskrifstofu fjarskipta í tæknimálum og stjórnsýslu,
 - 2) samþykkja vinnuáætlun, fjárhagsáætlun og reikninga,
 - 3) ákvarða fjölda starfsfólks og ráðningarskilmála þess,
 - 4) ráða forstjóra og starfsfólk,
 - 5) gera samninga fyrir hönd Evrópuskrifstofa fjarskipta,
 - 6) samþykkja breytingar á þessum samningi í samræmi við 15. og 20. gr.,
 - og
 - 7) gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum Evrópuskrifstofu fjarskipta innan ramma þessa samnings.

2. Ráðið skal setja allar þær reglur sem nauðsynlegar eru til að Evrópuskrifstofa fjarskipta og stjórnunareiningar hennar geti starfað eðlilega.

8. gr.

Reglur um atkvæðagreiðslu.

1. Ákvarðanir ráðsins skulu tekna með einróma samþykki eftir því sem unnt er. Ef ekki næst einróma samþykki skal ákvörðun tekin með tveimur þriðju hlutum veginna, greiddra atkvæða.
2. Vægi einstakra atkvæða í ráðinu skal vera í samræmi við viðauka A.
3. Einungis skal taka tillögur um breytingu á þessum samningi, þ.m.t. viðaukarnir, til umfjöllunar ef þær njóta stuðnings a.m.k. 25% veginna atkvæða allra samningsaðila.
4. Ráðið getur einungis tekið ákvarðanir ef það er ályktunarhæft þegar ákvörðunin er tekin, þ.e.a.s.:
 - 1) að því er varðar ákvarðanir um breytingar á þessum samningi og viðaukum hans þarf two þriðju hluta allra veginna atkvæða allra samningsaðila,
 - 2) að því er varðar allar aðrar ákvarðanir þarf a.m.k. helming allra veginna atkvæða allra samningsaðila.
5. Áheyrnarfulltrúum í ráðinu er heimilt að taka þátt í umræðum en þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

9. gr.

Forstjóri og starfsfólk.

1. Forstjórinn er löggelur fullríu Evrópuskrifstofu fjarskipta og hefur heimild, innan marka sem ráðið samþykkir, til að gera samninga fyrir hennar hönd. Forstjórinn getur framselt þetta umboð, með öllu eða að hluta, til aðstoðarforstjórans.
2. Forstjórinn ber ábyrgð á réttri framkvæmd allrar innri og ytri starfsemi Evrópuskrifstofu fjarskipta í samræmi við þennan samning, samninginn um höfuðstöðvar, vinnuáætlun, fjárhagsáætlun svo og tilskipanir og viðmiðunarreglur ráðsins.
3. Ráðið skal setja reglur fyrir starfsfólk.

10. gr.

Vinnuáætlun.

Ráðið skal á hverju ári gera þriggja ára vinnuáætlun fyrir Evrópuskrifstofu fjarskipta á grundvelli tillagna frá þingi og nefndum Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar. Setja skal fram fullnægjandi upplýsingar um fyrsta ár áætlunarinnar til að ákvarða megi árlega fjárveitingu til Evrópuskrifstofu fjarskipta.

11. gr.

Gerð fjárhagsáætlunar og bókhald.

1. Fjárhagsár Evrópuskrifstofu fjarskipta er frá 1. janúar til 31. desember.
2. Forstjórinn ber ábyrgð á því að gera árlega fjárhagsáætlun og ársreikninga fyrir Evrópuskrifstofu fjarskipta og leggja fyrir ráðið til umfjöllunar og samþykktar eftir því sem við á.
3. Fjárhagsáætlunin skal gerð með hliðsjón af því hverjar þarfirnar eru samkvæmt vinnuáætluninni sem var gerð í samræmi við 10. gr. Ráðið ákvarðar hvenær leggja skal fram og samþykkjá fjárhagsáætlunina og skal það gert fyrir upphaf þess árs sem hún á við um.
4. Ráðið setur ítarlegar fjárhagsreglur. Í þeim skulu m.a. vera ákvæði um hvenær ársreikningar Evrópuskrifstofu fjarskipta skulu lagðir fram og samþykktir og ákvæði um endurskoðun reikninganna.

12. gr.

Fjárfamlög.

1. Fjárfestingarkostnaði og tilfallandi rekstrarkostnaði Evrópuskrifstofu fjarskipta er, að frátoldum kostnaði af fundum ráðsins, skipt á milli samningsaðilanna á grundvelli framlagseininganna í samræmi við töfluna í viðauka A en hann er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

2. Þetta kemur ekki í veg fyrir að Evrópuskrifstofa fjarskipta vinni, samkvæmt ákvörðun ráðsins, fyrir þriðju aðila, þ.m.t. formennskuríki Samtaka póst- og fjarskiptastjórna, gegn endurheimt kostnaðar.
3. Kostnaður við fundi ráðsins skal greiddur af þeim samningsaðila sem boðar til fundar eða af Evrópuskrifstofu fjarskipta ef enginn samningsaðila boðar til fundarins. Samningsaðilar sem eiga fulltrúa á fundinum greiða ferða- og dvalarkostnað.

13. gr.

Samningsaðilar.

1. Ríki getur orðið aðili að þessum samningi annaðhvort samkvæmt málsmeðferð 14. gr. eða málsmeðferð 15. gr.
2. Framlagseiningin, sem um getur í viðauka A, með áorðnum breytingum í samræmi við 15. gr., gildir að því er varðar ríki sem gerist aðili að samningi þessum.

14. gr.

Undirritun.

1. Hverju því ríki þar sem fjarskiptayfirvöld eru aðilar að Samtökum póst- og fjarskiptastjórna er heimilt að gerast aðili að samningnum, annaðhvort með:
 - 1) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
 - 2) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
2. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar frá og með 23. júní 1993 þar til hann öðlast gildi en heimilt er að gerast aðili að honum síðar.

15. gr.

Aðild.

1. Hverju því ríki þar sem fjarskiptayfirvöld eru aðilar að Samtökum póst- og fjarskiptastjórna er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum.
2. Að höfðu samráði við ríkið, sem gerist aðili, skal ráðið samþykkja nauðsynlegar breytingar á viðauka A. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. skulu þær breytingar öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er ríkisstjórn Danmerkur hefur mótttekið aðildarskjjal þess ríkis.
3. Í aðildarskjalinu skal lýst yfir samþykki ríkisins, sem gerist aðili, á breytingum sem samþykktar hafa verið á viðauka A.

16. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag er ríkisstjórn Danmerkur hefur mótttekið nægilega margar undirskriftir og, ef slíks er krafist, skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki frá samningsaðilunum sem tryggingu fyrir því að þau hafi skuldbundið sig fyrir a.m.k. 80% af mögulegum hámarksfjölda framlagseininga sem um getur í viðauka A.
2. Eftir að samningur þessi öðlast gildi skal hvert það ríki, sem gerist aðili að honum síðar, bundið af ákvæðum hans, þ.m.t. breytingum sem eru í gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er ríkisstjórn Danmerkur hefur mótttekið skjal þess aðila um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

17. gr.

Uppsögn.

1. Að tveimur árum liðnum frá gildistöku þessa samnings er hverjum samningsaðila heimilt að segja honum upp með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnar Danmerkur og skal hún tilkynna ráðinu, samningsaðilum, forstjóranum og formanni Samtaka póst- og fjarskiptastjórna um uppsögnina.
2. Uppsögnin öðlast gildi við lok næsta heila fjárhagsárs, eins og tilgreint er í 1. mgr. 11. gr., eftir þann dag sem uppsagnartilkynningin berst ríkisstjórn Danmerkur.

18. gr.

Réttindi og skyldur samningsaðila.

- Ekkert í þessum samningi rýrir rétt hvers samningsaðila til að setja reglur um eigin póstmál og rafraen samskipti.
- Hver samningsaðili sem á aðild að Evrópusambandinu beitir þessum samningi í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt viðkomandi sáttmálum.
- Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

19. gr.

Lausn deilumála.

Hvers kyns ágreining um túlkun eða framkvæmd þessa samnings og viðauka hans, sem verður ekki leystur með sáttamleitunum í ráðinu, skulu hlutaðeigandi aðilar leggja fyrir gerðardóm í samræmi við viðauka B sem er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

20. gr.

Breytingar.

- Ráðinu er heimilt að samþykkja breytingar á samningi þessum með fyrirvara um skriflega staðfestingu allra samningsaðila.
- Breytingarnar skulu öðlast gildi að því er varðar alla samningsaðila fyrsta dag þriðja mánaðar eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt samningsaðilum að henni hafi borist tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki frá öllum samningsaðilum.

21. gr.

Vörsluaðili.

- Frumrit þessa samnings, ásamt síðari breytingum, og skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Danmerkur.
- Ríkisstjórn Danmerkur skal leggja fram staðfest endurrit þessa samnings og texta allra breytinga, eins og þær eru samþykktar af ráðinu, til allra ríkja sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi og til formanns Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar. Til upplýsingar skulu endurrit enn fremur send forstjóra Evrópuskrifstofu fjarskipta, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðapóstsambandsins, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðafjarskiptasambandsins, forseta framkvæmdastjórnar Evrópu-bandalagsins og aðalframkvæmdastjóra Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- Ríkisstjórn Danmerkur skal tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi og formanni Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar um allar undirritanir, fullgildingar, samþykktir, staðfestingar eða uppsagnir, sem og gildistöku þessa samnings og um allar breytingar. Ríkisstjórn Danmerkur skal enn fremur tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi, og formanni Samtaka póst- og fjarskiptastjórnar um gildistöku hvarrar aðildar.

VIÐAUKI A
FRAMLAGSEININGAR SEM NOTA SKAL SEM
GRUNDVÖLL FJÁRFRAMLAGA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU

25 einingar:	Frakkland Þýskaland Ítalía	Spánn Breska konungsríkið
15 einingar:	Sviss	Holland
10 einingar:	Austurríki [Belgía] Danmörk	Noregur Portúgal [Rússneska]

Nr. 54

7. desember 2022

Finnland	sambandsríkið]	
Grikkland	Svíþjóð	
Lúxemborg	Tyrkland	
5 einingar:	Írland	
1 eining:	[Albanía] [Andorra] [Aserbaídsjan] [Bosnía og Hersegóvína] Búlgaríja Króatía Kýpur [Tékkland] Eistland [Makedónia, fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu] Ungverjaland Ísland	[Lettland] Liechtenstein [Litháen] [Malta] [Moldavía] Mónakó Pólland Rúmenía [San Marínó] Lýðveldið Slóvakía [Slóvenía] [Úkraína] Páfagarður

Heiti aðila að Samtökum póst- og fjarskiptastjórna, sem eru ekki aðilar að þessum samningi, eru í hornklofum. Þau hafa verið flokkuð undir þá framlagseiningu sem samsvarar einingunni sem valin er samkvæmt fyrirkomulagi Samtaka póst- og fjarskiptastjórna.

**VIÐAUKI B
Gerðardómsmeðferð.**

1. Stofna ber gerðardóm samkvæmt eftirfarandi málsgreinum til að úrskurða í hvers kyns deilumálum sem um getur í 19. gr. þessa samnings.
2. Sérhver aðili að þessum samningi getur gengið í lið með öðrum hvorum deiluaðila fyrir gerðardómi.
3. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum. Sérhverjum deiluaðila ber að tilnefna einn fulltrúa til setu í gerðardómi innan tveggja mánaða frá móttökudegi beiðni annars aðilans um að vísa deilunni til gerðardóms. Innan sex mánaða frá tilnefningu annars gerðardómsmannsins ber fyrstu tveimur gerðardómsmönnum að tilnefna þriðja gerðardómsmanni og skal hann vera formaður gerðardómsins. Hafi annar hvor gerðardómsmannna ekki verið tilnefndur innan tilskilins frests skal hann, að beiðni annars hvors aðilans, tilnefndur af framkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins í Haag. Sama málsméðferð skal viðhöfð ef formaður gerðardómsins hefur ekki verið tilnefndur innan tilskilins frests.
4. Gerðardómurinn ákvarðar aðsetur sitt og setur sér starfeglur.
5. Ákvörðun gerðardómsins skal vera í samræmi við þjóðarétt og skal grundvölluð á þessum samningi og almennum meginreglum laga.
6. Hver aðili skal bera kostnað af þeim gerðardómsmanni sem honum ber að tilnefna, svo og kostnað við málflutning fyrir gerðardóminum. Kostnaður vegna formanns gerðardómsins skiptist jafnt á deiluaðila.
7. Úrskurður gerðardómsins skal felldur af meirihluta gerðardómsmannna sem mega ekki sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Úrskurður þessi skal vera endanlegur og bindandi fyrir alla deiluaðila og verður honum ekki áfrýjað. Aðilunum ber að hlíta úrskurðinum tafarlaust. Fari svo að deilt verði um þýðingu eða umfang hans ber gerðardóminum að túlka hann að beiðni deiluaðila.

CONVENTION FOR THE ESTABLISHMENT OF THE EUROPEAN COMMUNICATIONS OFFICE (ECO)

*The Hague on 23rd June 1993 as amended
at Copenhagen on 9th April 2002*

The States Parties to this Convention, hereinafter referred to as the "Contracting Parties";

determined to establish a permanent non-profit-making institution to assist the European Conference of Postal and Telecommunications Administrations, hereinafter referred to as "CEPT", with its tasks to strengthen relations between its Members, to promote their co-operation and to contribute to creating a dynamic market in the field of European postal and electronic communications.

noting that this Convention constitutes the amended text of the Convention for the establishment of the European Radiocommunications Office and that the Office established by this Convention shall assume the former responsibilities and tasks of the European Radiocommunications Office (ERO) and the European Telecommunications Office (ETO);

have agreed as follows:

Article 1

Establishment of the European Communications Office

1. A European Communications Office, hereinafter referred to as the "ECO", is hereby established.
2. The Headquarters of the ECO shall be in Copenhagen, Denmark.

Article 2

Purpose of the ECO

The ECO shall be a centre of expertise in postal and electronic communications to assist and advise the CEPT Presidency and the CEPT Committees.

Article 3

Functions of the ECO

1. The primary functions of the ECO shall be:
 - 1) to provide a centre of expertise which shall act as a focal point, identifying problem areas and new possibilities in the postal and electronic communications field and to advise the CEPT Presidency and the CEPT Committees accordingly;
 - 2) to draft long-term plans for future use of scarce resources utilised by electronic communications on a European level;
 - 3) to liaise with the national authorities, as appropriate;
 - 4) to study regulatory issues in the postal and electronic communications field;
 - 5) to conduct consultations on specific topics;
 - 6) to maintain a record of important CEPT Committee actions and of the implementation of relevant CEPT Decisions and Recommendations;
 - 7) to provide the CEPT Committees with status reports at regular intervals;
 - 8) to liaise with the European Union and with the European Free Trade Association;
 - 9) to support the CEPT Presidency, inter alia in maintaining the Rolling Policy Agenda;
 - 10) to provide support and studies for the CEPT Committees, inter alia for proposing a work programme for CEPT on the basis of the Rolling Policy Agenda;
 - 11) to support CEPT Working Groups and Project Teams, in particular in the arrangement of specific consultation meetings;
 - 12) to be the custodian of the CEPT archives and to disseminate CEPT information as appropriate.
2. In carrying out the above functions related to consultation meetings, the ECO shall develop and maintain up-to-date procedures designed to enable organisations in Europe with a relevant interest in the use of postal and electronic communications - including government departments, public

operators, manufacturers, users and private network operators, service providers, research establishments and standards-making bodies or organisations representing groups of such parties - to subscribe to relevant information on a regular basis and to participate in these consultation meetings in an equitable manner having regard to their particular interests.

3. In addition to the functions mentioned in paragraph 1 the ECO shall organise regular meetings open to organisations mentioned in paragraph 2 to provide an opportunity to discuss the activities and the future work programmes of the CEPT Committees and the ECO.

Article 4

Legal Status and Privileges

1. The ECO shall have legal personality. The ECO shall enjoy full capacity necessary for the exercise of its functions and the achievement of its purposes, and may in particular:
 - 1) enter into contracts;
 - 2) acquire, lease, hold and dispose of movable and immovable property;
 - 3) be a party to legal proceedings;
and
 - 4) conclude agreements with States or international organisations.
2. The Director and the Staff of the ECO shall have privileges and immunities in Denmark as defined in an Agreement concerning the Headquarters of the ECO between the ECO and the Government of Denmark.
3. Other countries may grant similar privileges and immunities in support of the ECO's activities in such countries, in particular with regard to immunity from legal process in respect of words spoken and written and all acts performed by the Director and the Staff of the ECO in their official capacity.

Article 5

Organs of the ECO

The ECO shall consist of a Council and a Director, assisted by a Staff.

Article 6

The Council

1. The Council shall consist of representatives of the Contracting Parties.
2. The Council shall elect its Chairman and Vice-Chairman, who shall be a representative of a Contracting Party. The term of office shall be three years, renewable for one period. The Chairman shall have authority to act on behalf of the Council.
3. Representatives of the CEPT Presidency and the CEPT Committees, the European Commission and of the Secretariat of the European Free Trade Association may participate in the Council with the status of Observer.

Article 7

Functions of the Council

1. The Council shall be the supreme decision-making body of the ECO and shall in particular:
 - 1) determine the ECO's policy on technical and administrative matters;
 - 2) approve the work programme, the budget and the accounts;
 - 3) determine the number of staff and their terms of employment;
 - 4) appoint the Director and the Staff;
 - 5) enter into contracts and agreements on behalf of the ECO;
 - 6) adopt amendments to this Convention in accordance with Articles 15 and 20;
and
 - 7) take all measures necessary for the fulfilment of the purposes of the ECO within the framework of this Convention.
2. The Council shall establish all necessary rules for the proper functioning of the ECO and its organs.

Article 8
Voting Rules

1. Decisions of the Council shall be reached by consensus as far as possible. If consensus cannot be reached a decision shall be taken by a two-thirds majority of the weighted votes cast.
2. The weighting of the individual votes of the Council shall be in accordance with Annex A.
3. Proposals to amend this Convention, including the Annexes, shall be considered only if they are supported by at least 25% of the total weighted votes of all Contracting Parties.
4. For all decisions of the Council, a quorum must exist at the time when the decision is made which:
 - 1) for decisions relating to amendments to this Convention and its Annexes, is equivalent to at least two thirds of the total weighted votes of all Contracting Parties;
 - 2) for all other decisions, is equivalent to at least one half of the total weighted votes of all Contracting Parties.
5. Observers to the Council may participate in the discussions but shall not have the right to vote.

Article 9
Director and Staff

1. The Director shall act as the legal representative of the ECO and shall have the authority, within limits agreed by the Council, to enter into contracts on behalf of the ECO. The Director may delegate this authority, in whole or in part, to the Deputy Director.
2. The Director shall be responsible for the proper execution of all internal and external activities of the ECO in accordance with this Convention, the Headquarters Agreement, the work programme, the budget, and directives and guidelines given by the Council.
3. A set of Staff Rules shall be established by the Council.

Article 10
Work Programme

A work programme for the ECO covering a three-year period shall each year be established by the Council on the basis of proposals from the CEPT Assembly and the CEPT Committees. The first year of this programme shall contain sufficient detail to enable the annual budget of the ECO to be established.

Article 11
Budgeting and Accounting

1. The financial year of the ECO shall run from the 1st of January to the 31st of December following.
2. The Director shall be responsible for preparing the annual budget and annual accounts for the ECO and submitting them for consideration and approval as appropriate by the Council.
3. The budget shall be prepared taking into account the requirements of the work programme established in accordance with Article 10. The timetable for submitting and approving the budget, in advance of the year to which it applies, shall be determined by the Council.
4. A set of detailed financial regulations shall be established by the Council. They shall, inter alia, contain provisions about the timetable for the submission and approval of the annual accounts of the ECO and provisions concerning the audit of the accounts.

Article 12
Financial Contributions

1. The capital expenditure and the current operating expenses of the ECO, excluding costs related to Council meetings, shall be borne by the Contracting Parties, who shall share the costs on the basis of the contributory units in accordance with the table in Annex A, which is an integral part of this Convention.
2. This shall not preclude the ECO, after decision by the Council, from carrying out work for third parties, including the CEPT Presidency, on a cost-recovery basis.

3. Costs related to Council meetings shall be borne by the inviting Contracting Party or, if there is no inviting Contracting Party, by the ECO. Travel and subsistence expenses shall be borne by the Contracting Parties represented.

Article 13
Contracting Parties

1. A State becomes a Contracting Party to this Convention either by the procedure of Article 14 or by the procedure of Article 15.
2. On a State becoming a Contracting Party to this Convention, the contributory unit referred to in Annex A, as amended in accordance with Article 15, shall apply.

Article 14
Signature

1. Any State whose Telecommunications Administration is a Member of CEPT may become a Contracting Party by:
 - 1) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval,
or
 - 2) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.
2. This Convention shall be open for signature as of the 23rd of June 1993 until it enters into force, and shall thereafter remain open for accession.

Article 15
Accession

1. This Convention shall be open for accession by any State whose Administration is a Member of CEPT.
2. After consultation with the acceding State, the Council shall adopt the necessary amendments to Annex A. Notwithstanding paragraph 2 of Article 20, such amendment shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Government of Denmark has received the instrument of accession of that State.
3. The instrument of accession shall express the consent of the acceding State with the adopted amendments of Annex A.

Article 16
Entry into Force

1. This Convention shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Government of Denmark has received sufficient signatures and, if required, instruments of ratification, acceptance or approval from Contracting Parties, so as to ensure that at least 80% of the maximum possible number of contributory units referred to in Annex A have been committed.
2. After entry into force of this Convention each subsequent Contracting Party shall be bound by its provisions including amendments in force as from the first day of the second month following the date on which the Government of Denmark has received that party's instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 17
Denunciation

1. After this Convention has been in force for two years, any Contracting Party may denounce it by giving notice in writing to the Government of Denmark, who shall notify this denunciation to the Council, the Contracting Parties, the Director and the President of CEPT.
2. The denunciation shall take effect at the expiry of the next full financial year as specified in Article 11, paragraph 1, following the date of receipt of the notice of denunciation by the Government of Denmark.

Article 18

Rights and Obligations of the Contracting Parties

1. Nothing in this Convention shall interfere with the sovereign right of each Contracting Party to regulate its own postal and electronic communications.
2. Each Contracting Party which is a Member State of the European Union will apply this Convention in accordance with its obligations under the relevant Treaties.
3. No reservation may be made to this Convention.

Article 19

Settlement of Disputes

Any dispute concerning the interpretation or application of this Convention and its Annexes which is not settled by the good offices of the Council, shall be submitted by the parties concerned to arbitration in accordance with Annex B, which is an integral part of this Convention.

Article 20

Amendments

1. The Council may adopt amendments to this Convention subject to confirmation in writing by all Contracting Parties.
2. The amendments shall enter into force for all Contracting Parties on the first day of the third month after the Government of Denmark has notified the Contracting Parties of the receipt of notifications of ratification, acceptance or approval from all Contracting Parties.

Article 21

Depository

1. The original of this Convention, with subsequent amendments, and instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited in the archives of the Government of Denmark.
2. The Government of Denmark shall provide a certified copy of this Convention and the text of any amendment as adopted by the Council, to all States that have signed or acceded to this Convention and to the President of CEPT. Copies shall further be sent for information to the Director of ECO the Secretary-General of the Universal Postal Union, to the Secretary-General of the International Telecommunication Union, to the President of the European Commission and to the Secretary-General of the European Free Trade Association.
3. The Government of Denmark shall notify all States that have signed or acceded to this Convention and the President of CEPT, of all signatures, ratifications, acceptances, approvals and denunciations, as well as of the entry into force of this Convention and of each amendment. The Government of Denmark shall further notify all States that have signed or acceded to this Convention and the President of CEPT of the entry into force of each accession.

ANNEX A
Contributory Units to be Used as a Basis
for Financial Contribution and in Weighted Voting

25 Units:	France Germany Italy	Spain United Kingdom
15 Units:	Switzerland	Netherlands
10 Units:	Austria [Belgium] Denmark Finland Greece Luxembourg	Norway Portugal [Russian Federation] Sweden Turkey
5 Units:	Ireland	
1 Unit:	[Albania] [Andorra] [Azerbaijan] [Bosnia and Herzegovina] Bulgaria Croatia Cyprus [Czech Republic] Estonia [Former Yugoslav Republic of Macedonia] Hungary Iceland	[Latvia] Liechtenstein [Lithuania] [Malta] [Moldova] Monaco Poland Romania [San Marino] Slovak Republic [Slovenia] [Ukraine] Vatican City

The CEPT Members who are not Contracting Parties to this Convention are in square brackets. They have been placed under the Contributory Unit corresponding to the Unit chosen under the CEPT Arrangement.

**ANNEX B
ARBITRATION PROCEDURE**

1. For the purposes of adjudicating upon any dispute referred to in Article 19 of this Convention, an Arbitral Tribunal shall be established in accordance with the following paragraphs.
2. Any Party to this Convention may join either party to the dispute in the arbitration.
3. The Tribunal shall consist of three members. Each party to the dispute shall nominate one arbitrator within a period of two months from the date of receipt of the request by one party to refer the dispute to arbitration. The first two arbitrators shall, within a period of six months from the nomination of the second arbitrator, nominate the third arbitrator, who shall be the Chairman of the Tribunal. If one of the two arbitrators has not been nominated within the required period he shall, at the request of either party, be nominated by the Secretary General of the Permanent Court of Arbitration. The same procedure shall apply if the Chairman of the Tribunal has not been nominated within the required period.
4. The Tribunal shall determine its seat and establish its own rules of procedure.
5. The decision of the Tribunal shall be in accordance with international law and shall be based on this Convention and general principles of law.
6. Each party shall bear the costs relating to the arbitrator for whose nomination it is responsible, as well as the costs of being represented before the Tribunal. The expenditure relating to the Chairman of the Tribunal shall be shared equally by the parties to the dispute.
7. The award of the Tribunal shall be made by a majority of its members, who may not abstain from voting. This award shall be final and binding on all parties to the dispute and no appeal shall lie against it. The parties shall comply with the award without delay. In the event of a dispute as to its meaning or scope, the Tribunal shall interpret it at the request of any party to the dispute.

C-deild – Útgáfudagur: 31. október 2023